
HEIÐARBORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Desember 2014

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Berglind Hansen

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

LEIKSKÓLINN HEIÐARBORG	4
GREINING	5
ÞAÐ SEM VEL ER GERT.....	5
TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA	5

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Heiðarborg sem fram fór í september 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviði, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í september 2014 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 16.-19. september. Matið byggir á gögnum leikskólans, viðtölum og rýnihópum starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN HEIÐARBORG

Leikskólinn Heiðarborg tók til starfa 1. júní 1990 og er staðsettur við Selásbraut 56, 110 Reykjavík.

Leikskólastjóri er Arndís Árnadóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Sólveig Dögg Larsen.

Í leikskólanum eru fjórar deildir og voru 77 börn í leikskólanum í september 2014. Yngstu börnin, 1-3 ára, eru á Brekku og Lundi. Eldri börnin, 3-5 ára, eru á Bala og Laut.

ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð í leikskólastarfinu. Mótuð hefur verið áætlun fyrir leikskólann sem byggir á læsisstefnu leikskóla. Stjórnendur¹ eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við starfsfólk og börn. Starfsfólk sýnir börnum umhyggju og vinsamlegt viðmót. Starfsfólk er ánægt með stjórnendur og finnst gott að leita til þeirra. Skýr verkaskipting er milli starfsfólks innan deilda. Stjórnendur fylgjast með símenntun starfsfólks og halda skrá um hana og þekkingu einstakra starfsmanna. Leikskólinn er í virku samstarfi við aðila í grenndarsamfélaginu. Útisvæði leikskólans og umhverfi hans er vel nýtt til þekkingarleitar og starfsfólk er ánægt með áherslur leikskólans á útinám og þátttöku í grænánaverkefni. Börnin fá ýmis hlutverk í leikskólanum sem þau eru ánægð með að gegna. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, finnst þeir velkomnir og geta fylgst með námi barna sinna í reglulegum foreldrasamtölum. Foreldrar fá reglulega upplýsingar frá leikskólanum með tölvupósti, tilkynningum á upplýsingatöflu og með daglegum samskiptum við starfsfólk. Leikskólinn er í góðu samstarfi og samvinnu við sérfræðinga utan leikskólans og reglulega eru haldnir stöðufundir vegna barna með stuðning. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda. Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra mati og umbætur bornar undir foreldraráð til umsagnar.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Stjórnendur sjái til þess að starfið endurspegli stefnu leikskólans og að einkunnarorð séu sýnilegri í daglegu starfi. Mynda stjórnendateymi² með þátttöku allra deildarstjóra og efla leiðtogahlutverk þeirra til að auka faglega umræðu og metnað í leikskólastarfinu. Stjórnendateymi sjái til þess að samstarf innan leikskólans einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum. Stjórnendateymi efla samstarf starfsfólks milli deilda og sjái til þess að það deili þekkingu, hvetji og styðji hvert annað. Efla eftirfylgni með námi og starfi í leikskólanum og auka endurgjöf til starfsfólks. Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi. Vinna eftir læsisáætlun leikskólans, gera ritmál sýnilegra og bækur aðgengilegri fyrir börn. Sjá til þess að dagskipulag sé sýnilegt fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Endurskoða dagskipulag þannig að húsnæði og útisvæði nýtist betur. Auka áhrif barna á skipulag leikskólastarfsins og viðfangsefni. Gæta þess að viðfangsefni barna hafi skýran tilgang í samræmi við áherslur leikskólans og efla leiðbeiningar til starfsfólks við undirbúning og skipulag viðfangsefna. Endurskoða mat á námi og framförum barna og sjá til þess að það taki til margra þátta og að stuðst sé við fjölbreytt gögn. Kynna hlutverk foreldraráðs og fulltrúa foreldra fyrir foreldrahópnum. Móta áætlun um mat á skólaárinu og tilgreina hvenær og hvernig eigi að meta. Auka aðkomu starfsfólks og foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Tímasetja umbótaáætlun, tilgreina hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða og tryggja að umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir. Auka þátttöku barna í mati á leikskólastarfinu með fjölbreyttum aðferðum.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

²Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri